

36

12. marz.

9. — Grímstöðum	—	—	1 1/2	—	—	—	—
10. — Efri-Ey	—	—	2	—	—	2	—
11. — Háu-Kotey	—	—	1/2	—	—	1/2	—
12. — Lágu-Kotey	—	—	1/2	—	—	1/2	—
13. — Nýjabæ	—	—	1/2	—	—	1/2	—
14. — Sandaseli	—	—	1/1	—	—	1	—
15. — Söndum	—	—	1/2	—	—	1	—
16. — Undirhrauni	—	—	1	—	—	1	—
17. — Leiðvelli	—	—	1	—	—	1	—

Svo vil jeg og, samkvæmt tillögum yðar og af ástæðum þeim, er þjer takið fram, fallast á, að ábúendum framannefndra jarða verði gefinn kostur á að kaupa þau kúgildi eða kúgildishluta, er burt verða numdir samkvæmt framanskriðuðu, fyrir það verð, sem sett er á ær í verðlagsskránni.

Þetta tilkynnist yður hjer með herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

37

12. marz.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um sameining þriggja sókna og niðurlagning tveggja kirkna. — Eptir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi 20. dag sept. f. á., skal jeg hjer með samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum 9. okt. f. á. og 4. p. m., og að fengnum yfirlýsingum frá eigendum Steinakirkju og Skógakirkju í Eyvindarhóla-prestakalli, með skýrskotun til 4. greinar í lögum nr. 3, 27. febr. 1880, leggja samþykki mitt á,

1. að kirkjurnar á Steinum og Skógum í ofannefndu prestakalli verði lagðar niður þannig;
2. að sóknirnar sameinist Eyvindarhólasókn, og byggð verði á Eyvindarhólum ný kirkja fyrir hina þannig sameinuðu Eyvindarhólasókn og tilfalli þeirri kirkju tekjur þær, er áður hafa tilfallið Steinakirkju og Skógakirkju;
3. að skuldir Steinakirkju og Skógakirkju til eigenda þeirra falli niður, og eigendur Steinakirkju leggi fram kostnað allan að þriðjungi til byggingar hinni fyrirhuguðu stækkuðu Eyvindarhólakirkju, en eigendur Skógakirkju leggi fram 300 — þrjú hundruð — krónur;
4. að skrudí og áhöld (ornamenta et instrumenta) Steinakirkju og Skógakirkju hverfi til Eyvindarhólakirkju, nema hin minni kirkjuklukka í Skógum, er fylgja skal grafreitnum þar;
5. að rjettur sóknarprestsins að Eyvindarhólum til prestsmötu af Steinum og Skógum haldist óhreyttur.
6. Jörðunum Steinum og Skógum halda eigendur að óskertum rjettindum þeirra, hlunnindum öllum og inýtjum til fjalls og fjöru.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.